



Akraneskaupstaður

Sýslumaðurinn á Vesturlandi
Borgarbraut 2
340 Stykkishólmur

Akranesi, 18. nóvember 2016
1611110 RÁ/sas

Efni: Fyrirspurn um rafrænar þinglýsingar

Fyrir hönd bæjaryfirvalda á Akranesi þá óska ég eftir upplýsingum um hvort Sýslumannsembættið á Vesturlandi hafi hug á því að sækja um að annast rafrænar þinglýsingar, sbr. frumvarp til laga um breytingu á þinglýsingarlögum, nr. 39/1978, með síðari breytingum. Í frumvarpinu er lagt til að Ísland verði eitt umdæmi þegar kemur að þinglýsingum og að eitt sýslumannsembætti beri ábyrgð á framkvæmdinni.

Að mati bæjaryfirvalda á Akranesi þá væri mikill fengur að því fyrir Vesturland að fá verkefnið í landshlutann enda um nokkuð mörg störf sérhæfðra starfsmanna að ræða.

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,


Regína Ásvaldsdóttir
bæjarstjóri

Afrit: Páll Brynjarsson, framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi